

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 19. febrúar 2010

Vera Pálsdóttir ljósmyndari gerir upp við tískuheiminn og heldur sýningu

UPPGJÖR VERU



ÍSLENSKT DANSVERK SETT UPP Í LONDON + TÍSKUVIKAN Í NEW YORK
+ FYRIRSÆTULEIT HJÁ ESKIMO + FATASTÍLL STEINGERÐAR SONJU

FRÁBÆR FLAKKARI

Kr. 19.750

1TB

WD Elements

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



WD

núna

á döfinni

ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR LEIKKONA

Ég byrja föstudaginn á æfingu uppi í Borgó. Ég er að leika í Dúfunum og ég vakna með fiðring í maganum alla daga því það er svo gaman. Eftir æfingu fer ég beint út á flugvöll og flýg til New York með manninum mínum. Við ætlum að gista hjá vinkonum okkar og höfum engin önnur plön en að njóta helgarinnar.



Make Up Store fær verðlaun

Verslunin Make Up Store í Reykjavík fékk verðlaun fyrir flottustu Make Up Store-verslunina í heiminum þetta árið, „Store of the Year“. Make Up Store, sem er sænskt fyrirtæki, tók það sérstaklega fram í umsögninni um verðlaunin að það hefði komið á óvart hversu salan hefði aukist í versluninni í hinu kreppuþjáða landi Íslandi. „Ég er í skýjunum yfir því að fá verðlaunin,“ segir Margrét Ragna Jónasardóttir, eigandi verslunarinnar. „Sérstaklega í ljósi aðstæðna hér heima á Íslandi og að við kepptum við 170 verslanir um allan heim. „Þetta sýnir að við Íslendingar veljum gæðavöru á hagstæðu verði.“ Margrét segist vera dugleg að kenna viðskiptavinum að nota vörurnar svo að þeir verði ánægðir með árangurinn og að hún sé lánsöm að búa yfir frábæru starfsfólki.

Með flottustu línurnar í Hollywood

Leikkonan Christina Hendricks í sjónvarpsþættinum Mad Men er í forsíðuviðtali hjá tímaritinu The New Yorker þessa vikuna. Hendricks hefur vakið mikla athygli fyrir kvenlegan vöxt sinn sem þykir tákn um að Hollywood-lúkk-ið frá því um miðbik síðustu aldar sé að komast aftur í tísku. Leikkonan segist í viðtalinu vera orðin leið á því að það sé alltaf talað um vöxt hennar þar sem hún hefur lagt mikið á sig til að ná frama í leiklistinni. Hún hafði þó greinilega ekkert á móti því að láta myndu þrýstinn barminn á þeim glæsilegu myndum sem eru í tímaritinu.



Höfundarnir Dansararnir Sigríður Soffía Nielsdóttir og Snædis Lilja Ingadóttir ásamt myndlistarkonunni Björk Viggósdóttir.

Sýningin Fresh Meat á fjögurra daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi í Rose Theater í London:

ÍSLENSKT DANSVERK SETT UPP Í LONDON

Það var verið að setja saman fjögurra daga átak hérna í Rose Bruford sem tengist kynbundnu ofbeldi, þar sem unnið er með listformið til að opna augu fólks fyrir þessu málefni. Fresh Meat passaði akkúrat við þema hátíðarinnar, enda spunnið út frá heimilisofbeldi,“ segir Sigríður Soffía Nielsdóttir, annar höfunda dansverksins Fresh Meat, sem sýnt var í gærkvöld og fyrrakvöld í Rose Theatre í London, í tilefni af fyrrnefndu átaki. Sigríður

útskrifaðist með BA-gráðu frá dansbraut Listaháskóla Íslands síðastliðið vor. Nú ferðast hún um heiminn og tekur þátt í hinum ýmsu uppsetningum dansverka en hún vinnur meðal annars náið með Ernu Ómarsdóttur.

Fresh Meat er samvinnuverkefni Sigríðar og Snædis Lilju Ingadóttur en þær útskrifuðust á sama tíma af dansbraut listaháskólans. Snædis Lilja leggur nú einmitt stund á leiklistarnám við Rose Bruford-háskóla. Myndlistar-

maðurinn Björk Viggósdóttir sér um sjónrænt umhverfi sýningarinnar en tónlistin í verkinu er eftir Lydíu Grétarsdóttur. Verkið var áður sýnt á sviðslistahátíðinni artFart. Sigríður segir því hafa verið vel tekið bæði í Reykjavík og London og stefnt sé að því að sýna það víðar á næstu mánuðum. „Við munum að öllum líkindum sýna verkið aftur á Íslandi í apríl og þá í sviðsútgáfu, sem við höfum ekki gert áður heima.“

- hhs

SUSHI

Skoðið veislutilboð á nings.is

NINGS

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

Eskimo leitar að nýjum andlitum:

Módel fyrir RFF

Andrea Brabin og samstarfskonur hennar hjá Eskimo bjóða öllum sem langar að spreyta sig á sýningarpöllum Reykjavík Fashion Festival að líta við hjá sér í Skúlatúni 4 á mánudaginn á milli klukkan 16 og 18. „Við munum sjá um að velja og þjálfa módelin fyrir RFF. Okkur langar að gefa nýju fólki tækifæri til að komast að,“ segir Andrea.

Hún hvetur alla til að koma, jafnvel þótt þeir eða þær falli ekki fullkomlega að ofurfyrirsætu-ímyndinni.

- hhs





Andrea Brabin hjá Eskimo leitar að nýjum fyrirsætum til að taka þátt í Reykjavík Fashion Festival.



LÉTTKLÆDD Skutlan Pamela Anderson sýnir línurnar á Ritchie Ritchie-tiskusýningunni á tiskuvíkunni í New York í fyrradag.


föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Vera Pálsdóttir Ritstjórn Anna M. Björnsson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



Jessica

There are compromises
I will make in life —
my workout isn't one of them.
Impossible is Nothing.
adidas.com/women



núna

* fataskápurinn

VETRARSÓL Nú er sólin lágt á lofti og um að gera að setja upp skvísugleraugun. Þessi eru frá dior og fást í Gleraugnasmiðjunni.



ÚTSALA ÚTSALA

Frábært verð á öllum mótorsportvörum



Dömujakkar



Motocrossbuxur frá FLY



Öflugar og ódýrar brynjur frá SIXSTONE



Hjálmaríðuvall



Motocross hanskaríðuvall



Herriajakkar

ÚTIVIST & SPORT
GARÐABÆ

mán.-lau. kl. 10-20, sun. 12-20

50 HAGKAUP
ára fyrir íslendinga í 50 ár

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

Steingerður Sonja Þórisdóttir nemi

Eins og brautarpallurinn í Harry Potter

Hvernig myndir þú lýsa þínum stíl? Margbreytilegur. Það er eiginlega ekkert sjáanlegt mynstur þegar það kemur að stílnum mínum. Einn daginn er ég klædd eins og skógarhöggismaður, þann næsta eins og portkona.

Hverjir eru uppáhaldshönnuðirnir þínir? Christopher Kane, Martin Margiela og að sjálfsgöðu Bóas (8045) og Mundi.

Hvar finnst þér sniðugast að versla í Reykjavík? Þar sem maður býst síst við að finna eitthvað flott. Ég fer til dæmis í búðir sem eru mjög ólíkar mínum stíl því það vill oft verða að það sem ég fíla lendir á út-

sölurekkanum. Annars versla ég mest í Hjálpræðishernum þar sem hann er á leiðinni heim úr háskólanum. Galdurinn er að kíkja oft, þá finnur maður alltaf eitthvað frábært á endanum.

Uppáhaldsverslun erlendis? Ég versla ekki í útlöndum. Þá fyrst myndi íslenska efnahagskerfið hrynja fyrir alvöru.

Hver er tiskufyrirmyndin þín? Ég held satt best að segja að ég eigi enga slíka. Ætli að allir séu ekki bara mínar tiskufyrirmyndir. Nema kannski Lil Kim.

Frá hvaða áratug sækir þú mestan innblástur? Engum sérstökum, svona þegar ég pæli

í því. Ég er dálítið eins og brautarpallurinn í Harry Potter, einhvers staðar á milli.

Hvað er að þínu mati alveg bannað þegar það kemur að stíl? Það er alveg bannað að halda að eitthvað sé bannað. Nema stuttar leggings. Það er bannað.

Hvað er á óskalistanum akkúrat núna? Ég veit það um leið og ég sé það. Þess vegna loka ég alltaf augunum í dýrum verslunum. Annars var ég að stroka gult naglalakk af óskalistanum þar sem ég fann eitt slíkt í Megastore í Smáralind. Maður finnur nefnilega frábærustu hlutina á furðulegustu stöðunum.

- amb



1 Pils: Sonia Rykiel úr Hjálpræðishernum. Kjóll (notaður sem bolur): Top Shop. Belti: Kolaportið. Sokkabuxur: Konur og Menn (Ísafirði). Skór: Manía.

2 Kápa: Glamúr (Faldurinn að framan tekinn upp og festur með belt). Gallabuxur: Cheap Monday. Skór: Nostalgía. Belti: Kolaportið.

3 Jakki: Hjálpræðisherinn. Buxur: Hjálpræðisherinn. Bolur: Hjálpræðisherinn. Belti: Kolaportið. Skór: Manía.

4 Uppáhaldshlutirnir sem voru myndaðir voru Jeremy Scott sólgleraugu úr Liborius og leðurjakki úr Zara.

verð frá
1.290,- til 3.690,-



verð frá
1.590,- til 4.490,-



990,-

3 fyrir 2
Snyrtivörur



390,-

890,-



verð frá
690,- til 1.190,-



3 fyrir 2
Handklæði



verð frá
690,- til 1.190,-

the
PIER

kemur stöðugt á óvart...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870



Myndirnar hennar Veru. Hér gefur að líta nokkrar af ljósmyndunum sem verða á sýningu Veru Pálsdóttur ljósmyndara á Mokka.



UPPGJÖR VIÐ FORTÍÐINA

Á þriðjudaginn verður opnuð sýning **Veru Pálsdóttur** ljósmyndara á kaffihúsinu Mokka á Skólavörðustíg. Í viðtali við Föstudag segir Vera frá uppgjöri sínu við fortíðina og endurnýjaðri ástríðu sinni á ljósmyndun.

Viðtal: Hólmfríður H. Sigurðardóttir-
Ljósmyndir: Vera Pálsdóttir og Palli Önnar

Það er ekki að sjá að í litla dúkkuhúsinu hennar Veru Pálsdóttur í miðbæ Reykjavíkur búi ljósmyndari sem hefur verið á mála hjá mörgum af virtustu tiskutímaritum heims. Á veggjunum er ekki ein ljósmynd. Enda segist Vera sjálf aðeins hafa tekið eina mynd um ævina sem hún geti hugsað sér að hafa upp á vegg hjá sér. Ljósmynd af íslenskum sóleyjum sem hún tók í fyrrasumar. Þetta er ef til vill lýsandi fyrir tilfinningar hennar til eigin fortíðar í ljósmynduninni, sem hún gerir upp við á ljósmyndasýningu á Mokka sem opnar á þriðjudag. „Þetta eru fagurfræðilega mjög fallegar ljósmyndir en mér fannst alltaf vanta eitthvað meira í þær, einhverja dýpt. Þess vegna hef ég aldrei áður sýnt þær. En samt hef ég gengið með það í maganum í ár að halda á þeim sýningu, kannski einmitt af því að þær eru þrátt fyrir allt mjög fallegar,“ segir Vera.

Það var ekki fyrr en hún fór að



Með myndavélina á lofti. Undanfarin þrjú ár hefur Vera Pálsdóttir unnið sjálfstætt hér á landi og meðal annars myndað fyrir Nýtt líf. Þar á undan starfaði hún í mörg ár sem tiskuljósmyndari fyrir mörg af virtustu tiskutímaritum heims.

Í þessari tísku og allri þessari feegurð er svo mikið feik. Ég fann fyrir þörf til að rústa þetta, hreinlega, og um leið þessum grunna heimi sem byggir á yfirborðskenndri feigurð.

velta málunum fyrir sér með vini sínum, Brynjari Jóhannssyni, að sýningin fór að taka á sig mynd. „Brynjar er hreinn og beinn, sarkastískur með svartan húmor, og frábær textasmiður. Við ákváðum að búa til texta við myndirnar. Við það skapaðist frábært mót-vægi. Sjálf þekki ég auðvitað þessar myndir út og inn en þegar ég sá þær með textanum fannst mér þær koma til mín allt öðruvísi. Það var komin einhver dýpt í myndina sem vantaði.“

FRÍKSJÓV Á MOKKA

Hið fornfræga og sérstaka kaffi-

hús Mokka finnst Veru eiga vel við stemninguna sem hún vill skapa á sýningunni. Hana langar að skapa þá upplifun hjá áhorfendum að þeir séu staddir á einhvers konar friksjóvi, þegar fallegar myndirnar blandast grófum textanum. „Ég vil að upplifunin verði svolítið eins og að fara í sirkus og horfa á skrítna liðið,“ útskýrir hún.

Uppsetning sýningarinnar minnir líka á síður í tímariti. „Þetta lítur út eins og síður sem hafa verið klipptar út úr tímaritum, brotnar saman og límdar upp á vegg. Þessi tenging við tímaritin er algjörlega ég. Þess vegna vil ég að myndirnar

myndi hugrenningatengsl við for-síðu á tímariti, efnisyfirlit, auglýsingar og aðrar dæmigerðar síður úr tímaritum.“

Vera segir að á tímabili hafi hana jafnvel langað til að rústa myndirnar sínar, áður en hún komst að niðurstöðunni um hvernig best væri að gera upp við þær. „Í þessari tísku og allri þessari feigurð er svo mikið feik. Ég fann fyrir þörf til að rústa þessu, hreinlega, og um leið þessum grunna heimi sem byggir á yfirborðskenndri feigurð. En ég sá mig ekki fyrir mér framkvæma einhvers konar niðurrif á myndunum sjálf. Ég er enginn listamaður.“

Þegar hún fór að vinna með Brynjari og grafíska hönnuðinum Birnu Einarasdóttur hafi hún fundið frelsistilfinningu sem hún hefur lengi saknað. „Við höfum öll verið að experimenta og fara út fyrir okkar box. Þetta þykir mér mikilvægt, því mér fannst ég vera komin djúpt ofan í eitthvert box sem ég varð að komast út úr. Þetta samstarf hefur hjálpað mér við það og þess vegna lít ég á sýninguna sem raunverulegt uppgjör við fortíð mína.“

FANN TÝNDA HLEKKINN

Vera hafði verið í fjölda ára búsett í París, þar sem hún tók myndir fyrir mörg af virtustu tímaritum heims. Hún flutti heim til Íslands fyrir þremur árum og hefur síðan verið sjálfstætt starfandi auk þess að mynda fyrir Nýtt líf. Hún segir nýja tíma að renna upp í ljósmyndun sínum, enda hafi henni nú tekist að losa af sér einhverja hlekk. „Ég var að verða brjáluð á því hvað myndirnar mínar voru hreinar og fullkomnar. Ég var með hluti eins og rétt hlutföll og fullkomnar hendur á heilanum og búin að ná svo fullkomnum tókum á því að myndefnið var orðið því sem næst leikhúslegt. En nú er ég komin á allt annað stað.“

Þá er hún komin í samband við stílistann Þorstein Blæ. Í honum segist hún hafa fundið sinn týnda hlekk. Þeirra fyrsta sameiginlega verk var myndasería sem birtist í nýjustu útgáfu Nýs lífs og þar, segir Vera, má fá nasasjón af þeirri tegund ljósmyndunar sem hún ætlar meðal annars að einbeita sér að í framtíðinni. „Hann er ekki bara stílisti heldur artist. Eftir að við fórum að vinna saman endurnýjaðist ástríða mín fyrir ljósmyndun. Við höfum stóra drauma með að gera hluti saman í framtíðinni.“

Matur sem fær munnvatnið til að streyma:
 Akkúrat núna langar mig í tómata, mozzarella og slatta af
 ólífuoloíu með baguette.
 Og drykkur-
 inn með:
 Ég er algjör
 Coke-isti, en
 er að vinna í
 því að drekka
 meira vatn.



Listamaður sem þú dásir:

Allir þeir sem gera það sem þá LANGAR til að gera.


Leynd perla í stórborg sem þú þekkir:
 Litlu gömlu bíóin í París.

Eftirlætis staðurinn á Íslandi:
 Það er erfitt að gera upp á milli
 staðanna á Íslandi, það
 er alltaf einhver ný upplif-
 un á hverjum fimm mínút-
 um, bæði á náttúrunni og
 veðrinu. Ég var einu sinni
 að gera töku fyrir amer-
 íska Elle hérna á Íslandi
 og á einum degi
 fengum við allar
 árstíðirnar beint í
 æð.



ENSKA ÁN ERFIÐIS

Frábær leið til þess að læra ensku
 þegar þér hentar, hvar sem þú ert
 Heima, í sumarbústaðnum eða í bílnum



Hlusta: Náð á 18 geisladiskum með
 enskum og íslenskum kennurum.
 Nemandinn hlustar á geisladiskana og
 nýtir þannig heyrnaminni sitt.



Lesi: Vinnubók með ensku og íslensku
 textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir
 þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt
 við eldri námsaðferðir.



Tala: Nemandinn les upphátt með
 kennurunum og leiðréttir þannig
 framburð sinn, jafnframt nýtir hann
 tilfinningaminni sitt og færni í að
 tala ensku.



Aðstoð: Nemandinn getur haft samskipti
 við kennara símleiðis eða með tölvupósti

* Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir
 nemendur eldri en 25 ára.

Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799

Tungumál.is

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

UPPLIFÐU FÆREYJAR OG ÞJÓÐINA SEM STENDUR ÞÉR NÆST!

Kynning um Færeyjar
 í Kringlunni
 19. til 20. febrúar.

Færeyjar eru 18 stórkostlegar eyjar sem bjóða
 upp á fjölbreytileika og óvænt ævintýri.
 Færeyingar eru þekktir fyrir gestrisni sína og
 þar er þægilegt og afslappandi andrúmsloft.



REYKJAVÍK – FÆREYJAR
 Flugið er tvisvar í viku milli
 Reykjavíkurflugvallar og
 Færeyja.

ATLANTIC AIRWAYS
 VIÐ FLJÚGUM MEÐ ÞIG Á ÁFANGASTAD

atlantic.fo

tíska

* hönnun og hátíska



SVART OG HVÍTT Dásamlegur röndóttur kjóll frá Fabelhaft er flottur við hvaða tækifæri sem er.



Svart
Pröng-
ar leggings
við viðan
topp frá Rad
Hourani.

Tískuvikan í New York

MÍNÍMALISMI OG ÞJÓÐLEG ÁHRIF

Bandarískir tískuhönnuðir virðast sækja innblástur úr öllum áttum fyrir línur sínar næsta haust og vetur. Þjóðlegra áhrifa gætti hjá Anna Sui, sixtísandi og pelsar voru áberandi hjá Proenza Schouler.

er og nýstirnið Rad Hourani hélt sig við mínímalíska sílúettu í anda Helmut Lang. Hér gefur að líta sýnishorn af þeirri hönnun sem mest var talað um síðustu daga í stóra eplinu.

- amb



Afslappað Hettupeysa og indjánaþönd frá William Rast.



Pönkað
Bensínblá-
ar buxur
og töffara-
legur jakki
frá Proenza
Schouler.



Hlýtt og töff
Falleg lamb-
skinskapa frá
Önnu Sui.

Signatures Of Nature

Náttúrulegar og lífrænar snyrtivörur

NYTT • NYTT
Brúnkumeðferð
Gjafir fyrir konudaginn
NYTT • NYTT

- 100% náttúra
- lífrænt
- engin kemísk efni
- án parabén
- allt fyrir konur menn og börn
- allt fyrir andlit, líkama og hár

Nina Dögg Filippusdóttir
leikkona

Ég nota snyrtivörur frá Signatures of nature og þær hafa hjálpað mér mikið með því að viðhalda jafnvægi í húðinni. Ég vinn mikið með smink á mér bæði í andliti og líkama og þarf því að hreinsa húðina vel og koma í veg fyrir ofur-viðkvæmni og eftir að ég fór að nota snyrtivörurnar frá Signatures of nature er mér nákvæmlega að takast það. Olíu-body skrubburinn fyrir líkama og andlitskremin eru sérstaklega að gera vel fyrir mína húð. Finn mikinn mun eftir notkun. Í gegnum mína reynslu get ég eindregið mælt með snyrtivörum frá Signatures of nature og þá sérstaklega fyrir þá sem eru með viðkvæma húð.

Verlsanir okkar eru í Smáralind
2 hæð við D-inngang
sími 511-10-09

Snyrtivöruverslunin
andorra
STÚDÍÓ HELGA SÆUNN
STRANOGÖTU 32 SÍMI 555 2615

www.signaturesofnature.is

Stutt pils
Rauður þrjóna-
kjóll frá Nanette
Lempore.

Rautt og sætt
Það gætti mong-
ólakra
áhrifa í þessu
dressi frá Önnu
Sui.



HELGARTILBOÐ

3 fyrir 2

**AF ÖLLUM LEÐUR HÖNSKUM
FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS.**

Falleg refa skott og
hanskar í stíl
aðeins 9.900 kr.

Fallegar húfur úr
gervifeld
aðeins 10.700 kr.

NÝ SENDING AF HÖNSKUM

20% afsl.af kaninu treflum
50% afsl af háum glans leðurhönskum



 **hauer**



Laugavegur 55, sími 551-1040 • Opíð mán.–fös. kl. 11-18 • lau. kl. 10-17

Opíð sunnudaginn 21. febrúar. kl. 12-16. Sendum í póströfu um allt land.

Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er á Laugaveginum við hliðina á Bónus.



L'ORÉAL DERMA GENESIS DAGKREM
sem hjápar til við myndun nýrra húðfruma:
Mjög gott dagkrem sem hjálpar til við myndun nýrra húðfruma. Inniheldur Pro-Xylane, sem er ný kynslóð mólíkúla af náttúrulegum uppruna, sem vinnur gegn öldrun-arkerkjum húðarinnar með því að örva endurnýjarferli húðarinnar. Gerir lögun húðarinnar stinnari og þéttari. Inniheldur einnig hyaluronsýru sem er rakagjafi, sem finnst á náttúrulegan hátt í húðinni og er afar mikilvæg fyrir rakajafnvægi húðarinnar ásamt því að gera húðina slétta og stinna. Strax frá fyrstu notkun fær húðin raka í 24 tíma og verður mjúk viðkomu. Húðin fær fallegan, jafnan lit, fínar línur og hrukkur minnka. Húðin verður sléttari stinnari og fylltari. Einnig til í línunni nætur- og augnkrem ásamt hreinsimjólki, andlitsvatni og blautklútum. Hentar sérstaklega vel fyrir 30-40 ára.



L'ORÉAL DERMA GENESIS SERUM:
Hjálpar til við myndun nýrra húðfruma, er 10x öflugra en sjálft dagkremið og gefur því húðinni aukinn kraft. Má ekki nota eitt og sér heldur einungis á hreina húð undir dag- eða næturkrem, mjög gott fyrir húðina að taka reglulega serum kúr. Inniheldur Pro-Xylane sem er ný kynslóð mólíkúla af náttúrulegum uppruna, sem vinnur gegn öldrunarkerkjum húðarinnar með því að örva endurnýjarferli húðarinnar. Gerir lögun húðarinnar stinnari og þéttari. Inniheldur Hyalorsýru rakagjafa sem finnst á náttúrulegan hátt í húðinni, er mikilvæg fyrir rakajafnvægið og gerir húðina slétta og stinna. Strax frá fyrstu notkun fær húðin raka í 24 tíma og verður mjúk viðkomu. Húðin verður sléttari, stinnari og fær aukinn ljóma. Hentar öllum aldri 30+ og má setja undir hvaða dag- eða næturkrem sem er.



MAYBELLINE DREAM SATIN LIQUID:
Nýr frábær farði frá Maybelline með AirBrush áferð. Dream Satin Liquid er loftkenndur fljótandi farði sem sléttir úr og mýkir, gerir á þann hátt svitaholur húðarinnar 100% ósýnilegar. Farðinn samræmist litatón húðarinnar og formúla með teygjueiginleikum jafnar út yfirborð húðarinnar. Formúla gerð úr Glycerini og vatni gerir yfirborð húðarinnar jafnara og sléttara sem gerir ljósbrot húðarinnar betra og gefur fullkomna útgeislun.



L'ORÉAL TRUE MATCH ROLLER FOUNDATION:
Fyrsti meikfarðinn með þægilegri rúllu til að bera farðann á, gefur matta og náttúrulega útkomu. Þægilegar umbúðir sem hentugt er að hafa í veskinu. Áferðin er let, kremkennd og frískandi sem lagar sig að litatón húðarinnar, sérlega þunnt lag og góður tími til notkunar áður en þornar. Inniheldur rakagefandi efni, góða þekingu en silkimjúka, jafna og náttúrulega útkomu.



L'ORÉAL UPBBYGGJANDI SERUM FYRIR AUGNHÁRIN:
Augnhár eru ekki eins og annað hár því augnhárin hafa hafa styttri rót sem gerir það að verkum að þau detta frekar af ásamt því að aðeins upb. 15% af hársekkjum augnháranna eru með virkan vöxt. Algengt vandamál er að þegar við eldumst þá verða oft bæði augnhár og augabrýr ómeðfærileg, hárin verða stífari og erfiðari viðureignar. L'Oréal hefur myndað uppbyggjandi Serum sem hjálpar augnhárunum að vaxa, styrkir núverandi augnhár, dregur úr missi og hefur lagfærandi eiginleika ásamt því að gefa augnhárunum einstaka mýkt. Gott að nota á næturnar eða undir maskara, má fara undir hvaða maskara sem er.



MAYBELLINE COLOR SENSATIONAL GLOSS:
Nýtt og spennandi gloss frá Maybelline, 12 glæsilegir litatónar sem gefa mjög flotta krem- og perlukennda liti með skínandi gljáa. Sambland léttalitaragna og gels ásamt því að innihalda uppbyggjandi serum fyrir glansmikla og flotta tóna.

FEGURÐ OG FÖRÐUN

Nýjasta nýtt fyrir vorið!



NIVEA EXTREME RESIST
NIVEA EXTREME RESIST farðinn gefur jafna og matta áferð, helst sérlega lengi á, smitar ekki. Formúlan inniheldur púður sem gefur farðanum einstaklega fallega fallega áferð. Stíflar ekki svitaholur.



NÝJA NIVEA DOUBLE EFFECT STURTUSÁPAN hefur líka þannig eiginleika að nýtast sem rakfroða í sturtunni. NIVEA Shower&Shave inniheldur avakadóliu og er með ástaraldinilm.



EUCERIN AQUAPORIN
Viltu hámarks raka fyrir húðina? Eucerin AQUAporin örvar eigið rakanet húðarinnar þannig að rakinn dreifist ákjósanlega jafnvel í dýpri lögum húðarinnar. Hið öfluga efni Glyco Glycerol örvar rakamiðlun og færir húðinni þannig langvarandi raka



EUCERIN HYALURON
Hyaluron-Filler Concentrate eykur sjáanlega árangurinn af daglegri baráttu þinni við hrukkur með geysi samþjappaðri Hyluronic sýru. Hyaluron sýran minnkar hrukkur, eykur raka og jafnar áferð. Eucerin fæst í apótekum.



NANO EXTENSION
Nýr NIVEA EXTENTION NANODEFINITION MASKARI. Lengir augnhárin allt að 70%. Einstakur burstinn aðskilur augnhárin og greiðir sundur hár fyrir hár án þess að klessast.



WELEDA IRIS CLEANSING LOTION
Hreinsar og örvar á mildan hátt.

IRIS FACIAL TONER
Þægilegt og frískandi andlitsvatn sem notast eftir að húðin hefur verið hreinsuð með Íris-hreinsimjólkinni. Fæst í heilsubúðum og apótekum. Verð frá kr. 2.200



DIOR, MÓTANDI PÚÐURFARÐI,

sem sléttir húðina. Slétt og fíngert yfirborð húðar er eitthvað sem við viljum allar. Einstaklega mjúk og fíngerð kremkennd áferð, púðrið nánast bráðnar þegar það samlagast húðinni við ásetningu
1- Falleg og fíngerð áferð, allt andlitið
2 - Skygging, kynnbeyn og útlínur andlits
3 - Ljómi - híglighter
Hver litur blandast fullkomnlega við hinn.
Einstaklega einföld ásetning.



DIOR, HYLJARI, sérstaklega hannaður með viðkvæmt augnsvæðið í huga. Hylur fullkomnlega misfellur og litabreytingar, algerlega náttúruleg áferð.
Raunveruleg áhrif krems 35% vatn og fullt af steinefnum .
Rakagefandi og kælandi eiginleikar, skammtar húðinni raka eftir þörfum.
Minnkar þota og vökvæðun í kringum augnsvæðið.

HELENA RUBINSTEIN VORLITIR :

Wanted Beauty fördunarlínan endurspeglar þemað frá Wanted ilminum hennar Demi Moore sem kom út síðustu jólin. Línan er í senn fágúð og nautnafull eins og Wanted ilmurinn. Litirnir eru væntanlegir á næstu dögum.



WANTED EYES PALETTE – Fallega brúnir og bleikir litatónar - 08.

Hreinir, fagaðir og ljómandi pastel litir 09.

COLLAGENIST LIP ZOOM – nauðsynlegur grunnur undir varaförðun, veitir einstaka mýkt og gerir varinnar þrýstnari.

WANTED STELLARS – Áberandi fallegar og ljómandi varir, litir: 308 – 309

WANTED STELLARS GLOSS – Ljómandi og glitrandi varir, litir: 43 – 49

LIP PENCIL – 2 nýir litir af varapenslum til þess að undirstrika varinnar, litir: 27– 26

SPECTACULAR EXTENSION MASKARI – Veitir stórkostlega lengd og eykur náttúrulegan vöxt augnháranna.

WANTED – ilmurinn er töfrandi og heillandi samræmi viðar-blómailms sem er í senn fagaður og nautnafullur. Fáanlegur í 30 ml og 50 ml stærðum.



HELENA RUBINSTEIN LASH QUEEN FELINE EXTRAVAGANZA OG FELINE EYE LINER

Helena Rubinstein er ávallt brautryðjandi í möskurum og hefur nú bætt við einstakri nýjung við Feline línuna. Lash Queen Feline Extravaganza maskarinn lengir og þykkir samstundis augnhárin með einni stroku. Tælandi og djörf Feline förðun. Ný öflug formúla með djúpum svörtum litarefnum fyrir enn meiri lit og stærri bursta sem gefur meira magn með hverri stroku.

Feline Black Liner inniheldur meira af litarefnum og veitir 6. klst hámarksendingu. Smítfír, hita og rakapólinn eyeliner sem veitir fullkomna áferð.



INK ARTLINER er „must-have“ vara hjá fördunarfræðingum Lancôme. Hann dregur fram hjá sérhverri konu nákvæmt og seyðandi augnaráð. Tæknin á bak við formúluna myndar filmu sem veitir einstaka endingu og hefur nærandi áhrif. Bjartir litir með kremáferð sem eru auðveldir í notkun og renna ekki á húðinni. Berið Ink Art linerinn á augnlokin með eyeliner burstanum 02 frá Lancôme fyrir fullkominn fördunarárangur. Ink Artlinerinn kemur í lit 01 Black Carbon ink sem er djúpur svartur litur fyrir heillandi „smoky augnförðun“ og nú bættist við Pop Petrol 04 sem er fallega flöskugrænn litur sem er í vorlínunni frá Lancôme fyrir frísklega augnförðun. Dragðu daglega fram fallegt augnaráð með Ink Arlinerinum sem undirstrikar förðun þína.



EAU MEGA FRÁ VIKTOR & ROLF

Eau Mega er nýr dömuilmur frá hönnuðunum Viktor & Rolf. Ilmurinn er orkumikill blóma og viðarilmur. Eau Mega er loforð um draum stærri en lífið, nútímalegan og sveipaðan töfraljóna. Fæst eingöngu í Hygeu Kringlunni og Smáralind, Snýrtivöruversluninni Glæsibæ, Debenhams, Jöru Akureyri og Bjargi á Akranesi.

Algengt verð fyrir Edp 50 ml. er um 14.000 kr og 30 ml um 10.000 krónur.

BIOThERM SKIN VIVO NIGHT

Nú bættist við Skin Vivo línuna næturkrem. Yfir daginn verður húðin fyrir stöðugu utanaðkomandi áreiti (mengun, UV-geislir, álag) sem hefur áhrif á öldrun húðarinnar. Yfir nóttina er fullkominn tími fyrir frumendurnýjun þegar ekkert utanaðkomandi áreiti herjar á húðina. Þá lagfæra frumurnar sig sjálfar og frumuendurnýjunin er tvöfalt meiri þá en yfir daginn. Hjarta frumnanna með aldrinum verða DNA frumurnar fyrir skemmdum og það hægist á virkni frumugena. Hægist því á frumuendurnýjun og húðin byrjar að eldast. SKIN VIVO NIGHT er fyrsta næturkreminið sem snýr við öldrunarferli húðarinnar, hefur djúprandi áhrif og veitir hámarks frumuendurnýjun yfir nóttina með öflugum náttúrulegum innihaldsefnum. Húðin verður þéttari og sléttari, hrukkur og línur minnka sjáanlega og litarhátturinn verður jafn og ljómandi. Hentar fyrir konur 30 ára og eldri.



LANCÔME VORLITIRNIR:

Einkennast af frísklegum litum, sem eru auðveldir í notkun og endurspeglar náttúrulega fegurð allra kvenna um allan heim. Kynþokkafull, náttúruleg og fágúð förðun fyrir augu, kinnar og varir með nýju fördunarlinunni frá Lancôme vorið 2010!

LA TOUCE PRO – Hyljari sem er auðveldur í notkun og hylur fullkomlega, litir: 02 – 03

POP N' CHEEKS – Kinnalitir sem gefur húðinni frísklegan ljóna

POP N' PALETTE – Það koma 2 gerðir af augnskuggum fyrir fallega og frísklega förðun

COLOR FEVER GLOSS – Ljómandi gljái, litir: 022 – 120

LA LAQUE FEVER – Litur og gljái sem endist, litir: 320 – 216

L'ABSOLUE CRÈME DE BRILLANCE – Fylltari varir og einstök þægindi, litir : 47– 201

INK ARTLINER – Endingargóður eyeliner „MUST-HAVE“ vara hjá fördunarmeisturum Lancôme. Nýr fallegur flöskugrænn litur.

LE CRAYON KHÔL – Fallegur flöskugrænn augnblýantur, litur - 04

LE VERNIS – naglakkk sem gefur gljáa og endingu, nýr fallegur flöskugrænn litur – 014 ásamt fallega rórauðum lit – 358.

HYPNÔSE DRAMA – Maskari sem þéttir og gefur dramatískt augnaráð – svartur litur 01





FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Krista Hall verslunarstjóri




Ég myndi byrja á því að dressa mig upp í hressan föstudagskjól og skunda niður í Spútnik að vinna. Það er alltaf svo skemmtilegur andi í búðinni fyrir helgar og allir að kaupa flott partíöt.

Þar sem ég stend og afgreiði í búðinni fæ ég óvænta heimsókn í hádeginu frá útlenskum elskhuga sem segist vera kominn til að nema mig á brott með sér í helgarferð til London.

Því næst elti ég hann út í bíl þar sem bíður okkar einkabílstjóri og kampavín og við brunum út á flugvöll með stuttu stoppi í Bláa Lóninu.

Þegar við komum til London seinni partinn á föstudeginum rétt náum við í uppáhalds „vintage“-búðina mína þar sem ég dressa mig upp fyrir helgina, enda ekki með neinn farangur fyrir þessa óvæntu ferð.

Um kvöldið fer elskhuginn með mig á veitingastaðinn Nobu þar sem við borðum trylltan kvöldverð áður en haldið er út á lífið þar sem við dönsum úr okkur allt vit og endum í breskum morgunverðarbeyglum á Brick Lane.



Nú er Góugleði á Geysi - Bistro & Bar

Góugleði

Á Góugleði bjóðum við upp á þrjá einstaklega girnilega rétti, forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Þú velur þá tvo rétti sem heilla þig mest og greiðir aðeins kr. 3.990.

Forréttur

Sjávar-sinfónía: Humar, hörpudiskur og tigrisrækjur á salatbeði

Aðalréttur

Ofnsteikt nautalund með skógarsveppasósu, sætkartöflugratini og steiktu rótargrænmeti

Eftirréttur

Heit súkklaðikaka með Café-Latte-ís

Tveir réttir Kr. 3990

Gildir föstudaga, laugardaga og sunnudaga



GEYSIR
BISTRO
BAR

Aðalstræti 2
101 Reykjavík
www.geysirbistrobar.is

Borðapantanir í síma 5174300

Tíska, fegurð, hönnun,
lífið, fólkið, menning
og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur

Fylgstu með